

Sp. 1044. Tillaga til þingsályktunar [370. mál]

um opinbera rannsókn á starfsháttum og viðskiptavenjum Grænmetisverslunar landbúnaðarins.

Flm.: Eiður Guðnason, Eyjólfur Konráð Jónsson.

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta fram fara opinbera rannsókn á starfsháttum og viðskiptavenjum Grænmetisverslunar landbúnaðarins í ljósi þeirra atburða sem opinberir hafa orðið á vordögum 1984.

Rannsóknin skal meðal annars beinast að því hvort fyrirtækið hafi staðið eðlilega að innkaupum, verslun og verðlagningu á kartöflum og grænmeti, hvort fyrirtækið hafi mismunað viðskiptavinum sínum, hvernig sé háttáð eignarhaldi á fyrirtækinu og hvernig eignastaða þess sé og enn fremur hvort fyrirtækið hafi greitt opinber gjöld.

Greinargerð.

Starfsemi og starfshættir Grænmetisverslunar landbúnaðarins hafa verið í sviðsljósinu undanfarnar vikur, fyrst og fremst vegna skemmdra kartaflna sem verið hafa á boðstólum frá fyrirtækinu í matvöruverslunum hér á landi.

Raunar er það ekki ný bóla að starfshættir þessa fyrirtækis séu til umræðu meðal almennings og hjá fjölmiðlum, heldur hefur það verið næsta árviss viðburður. Orsakir umræðunnar hafa ávallt verið hinar sömu, lélegar eða skemmdar kartöflur, sem ekki hafa getað talist boðlegar til manneldis.

Grænmetisverslun landbúnaðarins starfar í skjóli löngu úreltra einokunarákvæða sem eru eins og hver önnur tímaskekkja í íslensku þjóðfélagi árið 1984.

Í ljós hefur komið í umræðum að undanförunu í fjölmiðlum og staðreynt hefur verið að fyrirtækið hefur mismunað viðskiptavinum sínum með vinnubrögðum sem eru gjörsamlega óeðlileg og ættu ekki að þekkjast. Ýmislegt er óljóst í sambandi við verðlagningarmál og verðmyndun á innfluttum kartöflum, enn fremur um eignaraðild að fyrirtækinu og skil þess á opinberum gjöldum, svo og eignastöðu.

Þessi tillaga er flutt til að fá þau mál fram úr skúmaskotum kerfisins, draga þau fram í dagsljósið.